

BÚMM

Aldurshópur

Ungir nemendur sem hafa náð ágætum tókum á hljóðaaðferðinni.

Um aðferðina/leikinn

Margir kennarar þekkja þessa aðferð og hafa notað hana til að efla sjónrænan orðaforða nemenda sinna. Aðferðin sameinar þjálfun og leik og getur verið góð viðbót við aðra lestrarþjálfun í skóla og heima. Aðferðina má nota í einstaklingsvinnu, paravinnu eða í vinnu með litlum hópi.

Markmið aðferðar

- Að efla sjónrænan orðaforða.

Gögn

Spjöld með orðum og „búmm“ spjöld. Orðin sem valin eru til þjálfunar hverju sinni ráðast af áherslum í kennslu og stöðu nemenda í lestri. Kennarar geta nýtt sér 1000 orða listann frá MMS eða þjálfað önnur orð sem eru mikilvæg vegna lestrarkennslu eða annarrar kennslu. Gætið þess að ekki sé hægt að þekkja „búmm“ spjöldin frá hinum.

Framkvæmd

Stokkið spjöldin og snúið bunkanum niður. Fyrsti leikmaður dregur spjald, les orðið með fingurinn undir. Ef hann les orðið rétt má hann halda spjaldinu. Þá er komið að næsta leikmanni sem endurtekur leikinn og heldur sínu spjaldi geti hann lesið það rétt. Ef lesari les orð rangt fær mótherjinn tækifæri og geti hann lesið orðið fær hann að halda spjaldinu. Ef hvorugur lesarinn getur lesið orðið þarf kennarinn að taka það frá og leggja það betur inn seinna. Dragi lesari „búmm“ spjald missir hann öll spjöldin sín og þarf að setja þau stokkuð neðst í bunkann ásamt „búmm“ spjaldinu. Spilað er þar til öll spjöldin eru uppurin og sigrar sá lesari sem hefur felst spjöld á hendi. Ef nemendur skortir úthald og þurfa á hvatningu að halda getur kennari fækkað „búmm“ spjöldunum svo enginn gefist upp.



Aðrar útfærslur

Einstaklingsleikur

Ef aðeins einn lesari spilar getur markmiðið verið það að safna sem flestum orðum áður en hann lendir á „búmm“ spjaldi. Lesarinn getur síðan endurtekið leikinn nokkrum sinnum og reynt að setja nýtt met, t.d. með því að stokka spjöldin eftir hverja umferð.

Sprengdur í loft upp

Hægt er að spila leikinn þannig að hver leikmaður les spjald eftir spjald þar til hann lendir á „búmm“ spjaldi eða les orð rangt. Þá tekur næsti leikmaður við og endurtekur leikinn. Spilað er þar til spjöldin eru uppurin og sá sigrar sem nær flestum spjöldum. Þessi útfærsla hentar vel til sjálfstæðrar vinnu fyrir lítinn hóp nemenda sem þarf ekki mikinn stuðning við lestur. Við þessar aðstæður er hægt að vinna með nokkuð stóran orðabunka.

Í kappi við tímann!

Hægt er að stilla niðurteljara á 1-5 mínútur og sjá hversu mörgum spjöldum lesurum tekst að safna innan tímamarkanna. Nota má hvaða útfærslu sem er en passið ykkur á „búmm“ spjöldunum!



